

BRÆÐRAFÉLAGIÐ
VINIR KETILS BÓNDA
KYNNIR



ÞROSKAHEFTI

ÞJÓÐHÁTÍÐARHEFTI VKB 2021



Heiðarvegi



Kirkjuvegi



Útgefandi: Bræðrafélagið Vinir Ketils Bóna
Ritstjóri: Andri Hugo Runólfsson
Ábyrgðarmaður: Hlynur Víðó Ólafsson
Umbrot & hönnun: Andri Hugo
Hugmyndavinna: Ritnefnd Proskaheftis
Auglýsingadeild: Eðalmenn
Forsíða: Eðlu málsins samkvæmt
Myndir í blaðið: Gunnar Júl, Sæþór Víðó, Gunnar Ingi, Internetið
Skriftir: Helgi Ólafsson, Jón Helgi Gíslason, Kári Kristján Kristjánsson, Kristján Óli Sigurðsson, Sindri Haraldsson, Zindri Freyr Ragnarsson, Andri Hugo
Prentun: Prentmet
Upplag: Ofboðslegt
Andagiftir: Gunnar á Hlíðarenda, Maggi Pelé, Robbi kóngur, Viðar Togga, Viktor Hjartar og Viggi í sundlauginni
Eðluskóðandi: Stebbi “T-Rex” Árna



ÁÐVÖRUN!
Proskahefti er á engan hátt ætlað sem lesfni undir öðrum en brotlegum kringumstæðum. Þungbúinn lestur heftisins er með öllu óheimilaður og afsalar Bræðrafélagið VKB sér allri ábyrgð af slíkum lestri. Lestur heftisins er alfarið á ábyrgð lesandans. Heyranlegur lestur heftisins er mjög varasamur, varúð skal höfð í nærveru sálar. Heyrandi lesturs heftisins, svo og lesandinn sjáfur, kunna að hljóta alvarlega áverka, svo sem bros á vör eða kitl hláturtauga, séu sá eða sú ekki undir slíkt búíð. Bræðrafélagið Vinir Ketils Bóna leggur alla ábyrgð í hendur lesanda heftisins. Hafið því varann á.

NOKKUR ORÐ FRÁ FORSETANUM



Eina lausnin er að reyna að koma á einlægu og opnu samtali á milli þeirra sem virðast hafa fullkomlega andstæða sýn á Þjóðhátíð. Áður en það samtal hefst þurfa allir að horfast í augu við eigin fordóma. Fordómar eru nefnilega ekki bara í garð annarra kynþátta, kynhneigða eða þess háttar. Þeir geta auðveldlega verið í garð latté-lepjandi lopatreffa eða útkjálkaviðrigna á eldfjallaeyju. Allir hafa nefnilega eitthvað til síns máls. Þjóðhátíð er falleg fjölskylduhátíð þar sem kynslóðirnar koma saman en Þjóðhátíð er líka fjölmenn útihátíð þar sem margir fá sér í glas og í slíku umhverfi verða því miður of oft til aðstæður þar sem kynferðisafbrot geta átt sér stað.

Nú er komið að enn einni Þjóðhátíðinni og því fylgir að inn um lúgu Eyjamanna læðist enn eitt Proskaheftið. Ég held ég geti fullyrt það að okkur VKB bræðrum öllum þyki óskaplega vænt um þessa mögnuðu hátíð, sem hefur vaxið og dafnað, ekki síður en heftið okkar, á þessum 17 árum sem liðin eru frá útgáfu fyrsta heftisins. Í það minnsta þá ber ég bæði miklar og hlýjar tilfinningar til Þjóðhátíðar. Á Þjóðhátíð hef ég verið barn, unglingur, ungur maður, faðir og flest þar á milli. Alltaf hef ég skemmt mér stórkostlega og enn þann dag í dag þykir mér mest vænt um æskuminningarnar frá Þjóðhátíð og kem því alltaf til með að líta á þetta sem fjölskylduhátíð. Þessar miklu og hlýju tilfinningar mínar í garð hátíðarinnar gera það að verkum að mig, eins og vafalítið Eyjamenn flesta, sviður alveg óskaplega undan því þegar orðspor Þjóðhátíðar er dregið í svaðið.

Af ástæðum, sem ég fæ seint skilið, virðist vera til ótrúlega stór hópur fólks sem telur ástæðu til þess að nýta flest tækifæri til þess að niða skóinn af Þjóðhátíð og Vestmannaeyjum. Þessir einstaklingar virðast trúa því að þau sem standi að Þjóðhátíð, og jafnvel Eyjamenn allir, telji kynferðisafbrot léttvæg, styðji þau eða hvetji jafnvel til þeirra. Nöfn Þjóðhátíðar og Vestmannaeyja virðast stöðugt vera tengd við nauðganir og annað kynferðisofbeldi. Heftin í umræðunni virðist aukast með ári hverju og tengist efflaust þeirri auknu skautun sem einkennir alla samfélagsumræðu í dag og er partur af stærra meini sem birtist á sama tíma bæði í auknu fylgi poppúlískra afla og útilokunarmenningu. Þar eru Eyjamenn ekki alsaklausir, enda gerir heiftarleg vörn, sem mörgum hættir við að detta í þegar þeim þykir ráðist á Þjóðhátíð eða Vestmannaeyjar, lítið annað en að herða þá í afstöðu sinni sem vörnin beinist gegn. Ég hef samt fullan skilning á þessum varnaviðbrögðum enda gerst sekur um þau sjálfur.

Mikil og góð vinna hefur lengi átt sér stað á vegum þeirra sem standa að Þjóðhátíð við að vinna gegn kynferðisofbeldi og að bregðast við þeim málum sem, því miður, koma þó upp. En eins og með allt annað þá verður það aldrei svo gott að ekki sé rúm til þess að bæta það. Það verður þó ekki bætt með því að kalla Þjóðhátíð nauðgunarhátíð eða segja Eyjamenn keppast við að nauðga konum frá meginlandinu.

Allir sem tjá sig um þessi mál, sama með hversu stórum orðum það er, hafa nefnilega sama markmið. Að draga úr, og helst koma í veg fyrir allt, kynferðisofbeldi. Ein leið að því marki gæti verið að draga úr stærð hátíðarinnar. Ég skil vel að margir vilji hafa hátíðina sem allra stærsta, enda er þetta stærsta fjáröflun ÍBV. En það hlýtur að vera hægt að ná svipuðum hagnaði með því að hafa færri dýra skemmtikrafta og selja færri miða fyrir sama eða jafnvel herra verð en í dag. Þetta er langt frá því að vera einhver töfralausn, en gæti verið eitt skref í átt að markinu sem allir vilja stefna að. Í það minnsta er þetta lausn sem hefur leitað æ meira á huga minn undanfarin ár. Svo gæti þetta líka bara verið röfl í miðaldra kalli og ein af birtingarmyndum nostalgískrar rómantísingrar á æskuminningum um Þjóðhátíð.

Þegar þessi orð eru rituð hef ég ekki enn náð að lesa allt í heftinu. En ég tel mig samt geta fullyrt að þau séu það ófýndasta í því. Ég vona þó að einhverjir hafi nennt að lesa þetta raus mitt til enda og séu jafnvel sammála því og til í að reyna að hefja umræðuna upp úr þeim forarpytti sem hún er komin í.

Að því sögðu óska ég ykkur öllum gleðilegrar og ofbeldis- og ófgalausrar Þjóðhátíðar.

Helgi Ólafsson,
Forseti

KUBBUR

HELVÍTIS
FLOKKING
FLOKK !!

Halli, hafðu nóg
af kokteilsósu
með kjúllanum!

CANTON

Strandvegi / 481 1930

Alvöru kínverskur matur!
Opið alla daga Þjóðhátíðar!

STRAIGHT
OUTTA
CANTON

Eruð þið með
franskar, Haukur?

Til eru
fries

GOTT

BÁRUSTÍG 11 • 481 3060

MATMAÐURINN

HVERNIG METUM VIÐ MATINN?

Mikil ásókn hefur verið í að læra að verða matmaður enda gleður okkur Íslendinga fátt meira en góður matur. Það hefur ekki farið hátt en eini lærði matmaður þessarar þjóðar hefur verið á flakki um landið í leit að góðum mat. Við höfum öll séð ævintýralega lélega þætti þar sem menn, sem kalla sig kokka, keyra um landið og smjatta á mat sem skreyttur með allskonar nöfnum. Oftar en ekki hefur þetta ekkert með eiginlega matseld að gera heldur bara snobb og sýndarmennsku. Skammtarnir eru svo litlir og ræfilslegir að ekki einu sinni rauðmaur í mánaðar hungurverkfalli yrði saddur af ósköpunum. Matmaðurinn hefur nú sett upp kerfi þar sem farið í saumana á þessu og hefur sett upp gott kerfi til að koma auga á rétt og rangt í þessu.

Matmaðurinn skiptir matarflokkunum upp í eftirfarandi flokka...

VANMAT – Þennan mat er hægt að finna á öllum rándýru veitingastöðunum út um allt land. Þú ert rukkaður um svona 20 þúsund krónur fyrir laufblað, hundasúrur og brenndar gulrætur plús 90 grömm af kjöti. Þú ert sífellt minntur á það af þjónunum hvað upplifunin er frábær en á endanum ferðu svengri út en þegar þú komst inn. Upplifunin er þannig að þú kemur svo svekktur út að veskið þitt er blautt því það grét úr hlátri af allri vitleysunni. Maður verður ekki saddur af upplifun.

FASTEIGNAMAT – Þennan mat ber hreinlega að varast. Oftar en ekki er þetta illa steiktur kjúklingur og báglega brasað svínakjöt; halló kampýlóbaktarsýking og salmonella! Rétt eins og með fasteignasala þá treystir þú ekki þessu kjöti, því þú borgar ekki fyrir gæðin heldur hugmyndina af einhverju sem fyllir maga og sál í einhvern tíma. Stuttu seinna hefst blendnar tilfinningar í maganum þar sem þú þarft að koma öllu út áður en það er um seinan. Þessu má í raun líkja við blauta steypu sem fékk ekki að þorna.

UMHVERFISMAT – Við eigum svo sem ekkert að þurfa að útskýra þetta fyrir þeim sem eru vegan. Hér er bara algjört rugl í gangi. Þetta er matur sem varla er hægt að kalla mat nema þig langi að missa allan venjulegan húðlit og verða grár. Um

er að ræða svokallaðan líkindamat; hnetusteik, grasborgara, platbeikon og grænmetispylsur, svo eitthvað sé nefnt. Hvað gengur fólki eiginlega til? Hinn venjulegi Íslendingur þarf að þola 9 mánuði á ári í algjöru veðurógeði og hina þrjá lætur veðrið eins og barn í leit að sykri. Þess vegna er mikilvægt að borða alvöru mat sem skilar þér orku og er ekki að plata þig. Hvers vegna eru veganar alltaf að reyna herma eftir alvöru mat? Er það kannski vegna þess að innst inni langar þeim bara í alvöru mat? Lífið er of stutt fyrir mat sem dýrin borða því þau kunna ekki að elda.



BRUNABÓTAMAT – Þetta segir sig auðvitað bara sjálf, þetta er ofeldaður matur, oftast brenndur og illa leikinn eftir lélegan „kokk“ hússins. Líklegasta skýringin er sú að einstaklingurinn sem „eldaði“ matinn hafði ekki nokkurn einasta áhuga á því að elda. Hangir jafnvel í símanum og skoðar innihaldslaust líf fólks á samfélagsmiðlum þar sem uppstilltar myndir segja þér enga sögu aðra en að allt sé í skrófunni og að allir séu í raun með allt lóðrétt niður um sig. Því fleiri kossar og hamingja því minni innistæða. Brunabótamat á heima í ruslinu, rétt eins og sími kokksins sem hann eldaði.

ÖRYGGISMAT – Ef þú hefur bara fengið vandan mat síðastliðna daga eða vikur sækir þú í öryggismat. Til öryggismats telst pulsa, hamborgari eða pizza sem þarf bara að hita. Skiptir engu máli þótt þú sért lifandi heilagjafi, það er ekki hægt að klúðra þessu. Ef þú hefur ekki áhuga á þessu þarftu að hafa samband við einstakl-

inga sem eru titlaðir sem helgarpabbar eða tjúttóðar mæður. Þar skiptir öllu að þurfa að hafa sem minnst fyrir hlutunum þegar kemur að öryggismat. Annað skiptir miklu meira máli fyrir pabbana eins og enski boltinn, reyna við gellur og drekka bjór með félögunum. Fyrir mömmurnar snýst þetta um brúnkukrem, uppstilltar myndir á samfélagsmiðlum og að koma með ferskar kjaftasögur um sínar bestustu.


ÁHETTUMAT – Fólk sem kann ekki að elda mat notar oftast en ekki sous-vide eða air-fryer tækin. Það veit ekkert um mat og því pakkar það matnum inn í plast eða djúpsteikir hann með ævintýrlegri útkomu. Hver á ekki vin sem hefur súvíðað matinn sinn í 19 klukkustundir og gert hann að mauki? Það er í raun og veru grátlegt því það er til kjóthitamælir og með honum getur þú stýtt tímann um 17 klukkustundir. Passið ykkur á þessu því að matur sem er soðinn ofan í boxi eða potti í plasti í svona marga tíma er bara ekki góður. Þið eigið betra skilið.

ÖRORKUMAT – Þarna erum við að tala um mat sem er oftast en ekki á afslætti, frá 30-75% afslætti. Oftast er hann hafður til hliðar í búðum og umbúðirnar segja að hann hafi runnið út fyrir allavega tveimur vikum. Reyndar er sniðugt að hafa örorkumat á boðstólnum fyrir „brottflytta“ Eyjamenn sem komu á Goslokaári til að sníkja mat og fría gistingu. Þeir koma þá allavega ekki aftur í mat. Við erum að tala um mjög varasaman mat sem getur leitt til hvínandi niðurgangs og uppkasta. Þetta er matur sem er aðeins notaður í algjörum neyðartilvikum og því oft gott að fá sér staup af einhverju sterku þegar búið er að kyngja matnum, jafnvel 2-4 ef vel á til að takast. Það er einfaldlega gert til að plata magann og villa um fyrir líkamanum að þetta hafi komið inn í kerfið.





Maturinn okkar er vegan



HÆLSÆRI
Að hæla einhverjum og særa í sömu setningu



MEINLOKA
Að meina einhverjum um samloku



KRABBAMEIN
Að meina einhverjum í krabbamerkinu um eitthvað



ALKAHÓL
Að fá hól frá alka

HEYRST HEFUR



- ... að Maggi á Kletti standi nú og flétti þrjá rétti fyrir ketti í Kattholti
- ... að Dröfn sé í raun og veru Bylgja eftir að þriðja bylgjan af korónuveirunni fór af stað
- ... að Daði Páls sé búinn að kaupa boðorðin tíu og ætli að hafa þau ellefu
- ... að 900 grillhús sé að renna blint í sjóinn
- ... að Tóti í Geisla ætli að vera með geisla-meðferð fyrir menn með rafsuðublindu
- ... að Nói Síríus ætli að selja Hákarlakropp í Tuborg-tjaldinu
- ... að Jónatan læknir ætli í kynskiptiaðgerð og ætli að verða Jóna tannlæknir
- ... að Hreimur ætli að fara inni í dal, hitta ykkur þar og búa til minningar
- ... að Tígull ætli að gera erótíska útgáfu að blaðinu og skíra það Tígulgosi
- ... að Sóley Tómasdóttir ætli að taka yfir Samfylkinguna og skíra hana Samfylgjuna
- ... að Edda Falak heiti í raun og veru Edda Fatal
- ... að Hildur Lilliendahl syngi Here Comes the Könguló þegar hún tjalðar
- ... að Gísli Marteinn hafi verið sæmdur Réttlætisriddarkrossinum af forseta Íslands
- ... að Jói í Laufási hafi sagt að ástandið sé GALIÐ!!
- ... að Laugi í Ísfélaginu hafi rotað Chuck Norris með þumalputtanum
- ... að Snorri í löndunargenginu sé á sínu léttasta skeiði
- ... að Gunni Ella Pé eða GELP sé í raun og veru Bé Elli Gunn eða BELG
- ... að Kári Fúsa ætli að knúsa námsfúsa á milli raðhúsa sem eru að djúsa
- ... að Halli á Canton fíli bæði bókstafinn C og Anton
- ... að Dabbi Hall sé hættur að taka í vörina og taki núna undir handakrikann
- ... að Sindri Haralds sé löngu hættur
- ... að Beggi sé í raun og veru ekki Breki, heldur Beggi
- ... að Ástþór Ágúst hafi breytt nafninu sínu í Haturtýr Júlís
- ... að Biggi Nielsen sé að byggja nýja hæð undir húsi sínu á Brekastígnum. Hann ætlar að flytja þangað inn og gerast neðanjarðar Birgir.
- ... að Viðar Málari sé hættur að mála I
- ... að Viðar Breiðfjörð ætli að flytja á Mjóafjörð
- ... að Addi í London ætli að breyta nafninu sínu í Laddi í Kaupmannahöfn
- ... að Bríet ætli að flytja nýtt lag í dalnum sem heitir „Æstur Indjáni“



HO LEE SHET

SAGA UM MISSKILNING OG UPPLIFANIR



Ho Lee Shet - Vingiarnlegur en óheppinn

hafa hemil á orðum sínum í fimm ár reið ógæfan aftur yfir hann þegar hann ákvað einn daginn að fá sér dredd locks í hárið. Það vildi svo óheppilega til að einkakennarinn hans hafði lifað tímana tvenna í fátækustu hverfum Brooklyn og þurfti að veita honum sálfræðihjálp með tilheyrandi kostnaði sem gerði það að verkum að fjölskylda hans tapaði öllu í skaðabótamáli. Eins og svartur maður á KKK fundi fann Ho Lee Shet sig engan veginn í lífinu, alveg sama hvað hann reyndi þá gekk ekkert. Steininn tók algjörlega úr þegar hræðilegur misskilningur varð á milli Ho og manns í leit að gleðikonu í Tókýó. Maðurinn kallaði að Ho á ensku - I'm looking for a Ho, do u know where I can find one? Þarna hélt Ho að hann væri að leita af honum en svo var ekki. Eins og strandsandur sem sleipiefni í kynlífi endaði þetta með ósköpum og reiddist maðurinn mikið þegar hann komst að því að Ho hafi leitt hann um götur Tókýó án þess að finna gleðikonu. Það næsta sem Ho man er að hann vaknar á spítala með brotið nef og brákað kinnbein. Ho Lee Shet var ákaflega ósáttur þegar hann komst að því að maðurinn hafði ráðist á hann og lúbarið hann. Ho Lee Shet virtist vera klæddur í líki bölvunar.

En á endanum ákvað Ho Lee Shet að flytja til Íslands, enda höfðu Íslendingar það orð á sér að vera fordómalausir. Eins og hvatvíst barn á bókasafni fann Ho sig ekki alveg á Íslandi. Sama hversu mikið hann vandaði sig þá var alltaf eins og ákvarðanatoka hans væri röng. Enn ein ógæfan reið yfir Ho og allt ætlaði um þverbak að keyra þegar hann ákvað að ganga í samtökin 78. Ho var mikill áhugamaður um lestur á bókum sem fjölluðu um tölvuleiki og sérstaklega var hann áhugamaður um leikinn Minecraft.

Á endanum var ákveðið að hafa Ho Lee Shet bara heima fyrir, enda virtist óheppnin elta hann á röndum og fékk hann einkakennslu sem samtökin Vinir útlaga útveguðu honum. Þegar Ho hafði gengið ágætlega að

þegar hann sagði öllum lesbínunum, sem að hann hélt að væru píur með áhuga á lestri, frá leiknum fylltust þær áhuga um leikinn þannig að Ho dreif sig í næstu bókabúð í leit af bókum um leikinn. Því miður var hann lesblindur og náði í nokkur eintök af Mein Kampf. Allt ætlaði um koll að keyra þegar upp komst um misskilninginn og Ho var vikið beinustu leið úr samtökunum.

Þegar hér er komið sögu er saga Ho Lee Shet ekkert nema vonbrigði á vonbrigði ofan, enda virtist hann dæmdur til að mistakast í lífinu. En lífið tók aldeilis kipp upp á við þegar að Ho Lee Shet vann fyrsta vinning í Happpdrætti Háskóla Íslands og það á trompmiða. Ho verður þetta líka ánægður og lofar því að hjálpa öllum sem eiga um sárt að binda. Ákvað hann eftir óheppnina sem elti hann í sambandi við hinsegin fólk að hjálpa samtökunum LGBTQ í sinni réttindabaráttu. Þegar Ho hafði keypt handa þeim húsnæði fyrir allan peninginn sinn reið ógæfan yfir hann enn og aftur. Því miður hafði Ho gleymt að gera ráð fyrir kynsegin klósetti í húsinu og honum var því vikið úr samtökunum. Þar sem Ho hafði skráð samtökin fyrir húsinu tapaði hann öllu.

Þegar þetta er skrifað er líklegt að Ho Lee Shet sé ekki lifandi enda tók hann þá afdrifríku ákvörðun að flytja á Suðurskautlandið þrátt fyrir allar aðvaranir í heiminum.

Þessi saga kennir okkur að alveg sama hvað þá er alltaf best að fylgja hjörðinni, játa öllu og taka þátt í öllum baráttum minnihlutahópa. Því að sjálfstæðar hugsanir leiða til óhamingju, ógleði, misskilnings og útskúfunar.





Loksins er að stytast í enn eina helgina þar sem þjóðin skemmtir sér á fallegustu eyju Evrópu. Þjóðhátíð er hátíðin og Herjólfssdalur á Heimaey er staðurinn. Engin hátíð var haldin í fyrra út af þreyttustu veiru veraldar. Ef ég þekki mitt fólk í Eyjum rétt, bæði fyrir- og eftir-gos Eyjafólkið, verður öllu tjaldað til að gera hátíðina þá flottustu og fjölmennustu frá upphafi. ÍBV á það svo sannarlega skilið.

Ég fór á mína fyrstu Þjóðhátíð árið 1998, fótbrottinn í gipsi og var með 100% mætingu til ársins 2010. Fótbrottið lét maður ekki stöðva sig í að skrölta um dalinn og eyjuna fögru þökk sé hjólastól sem við félagsarnir fengum „lánaðan“ frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands í Vestmannaeyjum.

Svo vel þjónaði hann okkur að við skirðum stólinn Þorleif. Sögurnar frá þessum helgum þola margar hverjar ekki dagsljósið. Á þessari fyrstu hátíð minni bar svo kappið mig ofurlíði og ég endaði í dauðagámnum fræga en sem betur fer í fyrsta og eina sinn. Því það sem drepur þig ekki styrkir þig.

Eina hátíðina hafði ég fengið herbergi heima hjá Kára Kristjáni nafna mínum og eftir-gos Eyjapeyja og fékk að halda þar til. Einu skilyrðin sem Kári setti mér voru þau að ég myndi sofa einn í herberginu. Maður varð því að láta útivöllinn duga alla þá helgina.

En minningarnar munu lifa að eilífu. Allt þar til í fyrra hafði ég aldrei spilað golf á golfvellið í Eyjum, aðeins heyrt sögur af félögum sem margir hverjir höfðu farið þar holi í höggi án þess að hafa nokkurn tímann spilað golf. Það er eins og það er. En eftir að hafa spilað golf á vellinum er ekkert sem toppar það, sama hver félagskapurinn er. Völlurinn er sá fallegasti sem ég hef spilað á í heiminum og eru þeir orðnir ansi margir um víða veröld.

Hópurinn af listamönnum sem koma fram í Dalnum í ár eru rjóminn af íslensku tónlistarlífi þar sem hápunkturinn verður án nokkurs vafa á laugardagskvöldinu, þegar FM95BLÖ gengið stígur á stökk. Er ég ekki í nokkrum vafa um að stemningin sem þeir mynda mælist á jarðskjálftamælum

Veðurstofunnar eins og um árið.

Vonandi verður veðrið Eyjamönnum og gestum hliðhollt um Verslunarmannahelgina þannig að allir geti notið sín í botn og skapað minningar um ókomna tíð. Svo vona ég líka innilega að við sjáum ÍBV í Pepsi Max deild karla á næsta ári. Þá mæti ég á næstu Þjóðhátíð.



Menn redda sér í brekkunni

Höfðinglegar kveðjur úr Kópavogi og góða skemmtun í Dalnum.

Takk fyrir mig.

Kristján Óli Sigurðsson.





Ástarfleyið

HERJÓLFUR
VESTMANNAEYJAR





Þegar lífið snýst um knattspyrnu geta hlutirnir oft verið skrítnir og það á svo sannarlega við Vídó fjölskylduna í Vestmannaeyjum. Frá því að RÚV byrjaði að sýna enska fótsparkið hefur fjölskyldan setið límd við skjáinn og öskrað á imbakassann. En það nægði ekki bara að vera stuðningsmenn knattspyrnu heldur fengu meðlimir fjölskyldunnar allir nöfn tengdum íþróttinni. Eftir að mannanafnanefnd losaði aðeins um strangt regluverk hefur Vídó fjölskyldan náð sínu fram í nafnagiftum. Hér að neðan verða meðlimir fjölskyldunnar taldir upp og þeirra viðurnefni.



Kjartan Vídó
Það var mikið áfall fyrir ættina þegar að Kjartan ákvað að gerast fjölmiðlafulltrúi HSÍ enda er handbolti fyrir þessa ætt eins og aspas í heitan rétt, algjör viðbjóður. Kjartan Vídó er mikil grenjuskjóða og var sífellt að biðja um vítaspyrnu þegar hann lék bekkjafótbolta í Barnaskólanum, svo mikið að hann fékk viðurnefnið Vídó. Eins og flestir sjá er Kjartan skrifblindur og því Vídó nafnið með D en ekki T. Fjölskyldan hefur beðist afsökunar opinberlega á þessari villu.




Emma Aukaspyrna
Móðir Emma er að vinna á leikskóla og því mikið í kringum börn. Flestir sem þekkja til barna vita að þau geta verið mjög ósvífinn í því að setja hluti akkúrat á þá staði sem við eldra fólkið löbbum. Því var Emma mjög oft að detta og það oftast en ekki um aukaspyrnu þegar hún datt um dótið hjá krökkunum. Emma gekk um með flautu og keyrði það um þverbak þegar Emma dæmdi aukaspyrnu á 14 mánaða gamalt barn. Emma flautaði svo hátt í flautuna að barnið er aðeins með 30% heyrn á hægri auga og er greint með kvíðaröskun.



Hlynur Fríspark
Hlynur vinnur í dag á The Brothers Brewery og er gríðarlega vinsæll meðal gesta staðarins. Hlynur fékk sitt viðurnefni með svipuðum hætti og móðir sín, því hann var sífellt að renna á gólfinu eftir að einhver hafði hellt niður bjór. Hlynur telst mjög seinheppinn og hefur honum verið líkt við persónu Chris Farley í myndinni Tommy Boy. Eins og móðir hans biður hann ALLTAF um fríspark og því hefur nafnið fests við hann. Það fór betur en á horfðist þegar Hlynur rann í bleytu og úr varð tveggja fóta tækling á 9 ára gamla stelpu sem hafði komið með mömmu sinni og pabba á TM-mótið. Hlaut hún „aðeins“ opið beinbrot og mar á vinstra gagnauga eftir tæklinguna. Eftir dómssátt fékk stelpa æviáskrift að beinlausum vængjum í boði TBB.



Soggi Vídeó var aldrei mikið fyrir fótbolta



Birna Útspark
Birna vinnur í dag á snyrtistofunni Mandala, sem átti að heita Mandela en vegna prentvillu var ákveðið að halda nafninu á stofunni. Þetta er reiðasti meðlimur fjölskyldunnar og fékk Birna viðurnefni sitt því hún er mikill skaphundur. Ófáir hlutir hafa fengið að finna fyrir eitruðum hægri fæti Birnu, sem

sparkar fast í dauða hluti þegar illa liggur á henni. Skapofsinn er svo mikill að Birna náði einu sinni að kljúfa Lazy-Boy stól í tvennt með einu sparki eftir að hafa fyrir slysi brotið nögl með því að reka vísi-fingur í stólinn. Birna er gamall handbolta-markvörður en var rekin því hún vildi byrja allar sóknir á útsparki.



Sæþór Innkast
Sæþór er meðlimur hljómsveitarinnar Brimnes. Sæþór er mikill áhugamaður um götulínur og hefur verið frá blautu barnsbeini. Viðurnefni sitt fékk hann því hann var alltaf að taka upp hluti af götunni eins og bjórdósir, pizzukassa, tyggjó og fleiri hluti. Þá steig hann ávallt bakvið götulínurnar og tók innkast. Enginn tekur jafn fullkomið innkast og Sæþór. Báðar lappir á línu og fastar við jörðina, olnbogar og trísépar mynda fullkomnar 45 gráður og svo er kastað rétt. Sæþór er núna að undirbúa lögsókn á alla íþróttalýsendur landsins fyrir að kalla innkast EINKAST, skiljanlega, því orðið einkast meikar ekki sens frekar en þegar hornspyrna er kölluð HOSSSPYRNA.



Marta María Óbein-Aukaspyrna
Marta vinnur sem þroskaþjálfari við Fjölbrotarskólann í Ármúla. Þegar að Marta byrjaði að fylgjast með fótbolta höfðu dómarasamtök Evrópu tekið rassiú í því að dæma óbeinar aukaspyrnur eftir að markmenn tóku boltann upp eftir sendingu frá samherja. Frá því að Marta lærði að labba var hún ávallt í boltaleik við föður sinn. Í hvert einasta skipti sem pabbi hennar tók upp bolta öskraði Marta „óbein aukaspyrna“ við litla hrifningu föður síns. Svo mikið hafði þetta áhrif á föður hennar að hann hefur ekki tekið upp nokkurn skapadán hlut síðan 1986 þegar hann er í landi. Faðir Mörtu vinnur sem kafari til að fá frið í sinni vinnu.



Við íbúaskráningu á Siglufirði fundust nýlega heimildir um mjög áhugaverða einstaklinga sem búið hafa þar um áraskeið. Hér er um að ræða menn sem eru skildir á einn eða annan hátt og eiga það allir sameiginlegt að bera einstaklega sérstök nöfn.

Fyrstan ber að nefna Jón Hreggviðsson, apótekara. Jón þótti efnilegur í dvergakasti hér á árum áður, en þegar það var bannað sneri hann sér alfarið að efnafræðinni. Jón var mjög viðkunnaður og þótti fólki ávallt gaman að heimsækja hann í apótekið. Hann var alla jafna þekktur undir nafninu Meðal-Jón.

Frændi hans var mikill íþróttamaður og þótti skara fram úr í nánast hvaða sporti sem hann tók sér fyrir hendur. Vann hann til margra verðlauna á hinum ýmsu sviðum, þar sem hann bar sigur úr þítum í nánast hvaða keppni sem er. Deildu þeir frændur

nafni, en þessi afreksmaður hlaut nafnið Sigur-Jón og bar það nafn með rentu.




Þríburarnir Jón, Jón og Jón

Annar Jón, sem vert er að minnst á, er Jón Jónsson, en hann var ólíkur frændum sínum að því leitinu til að engum líkaði vel við hann. Jón Jón var dónalegur, hrokafullur og leiðinlegur. Það sem einkenndi hann þó mest var að hann var stórreykinga-

maður. Hann fór létt með að klára kerton af Camel sígarettum á einum degi og þegar fólk var á ferðinni þá rann það oft á lyktina og hafði á orði „Við skulum flýta okkur heim, Camel-Jón er að koma“.

Við aldamótin nítjánhundruð fæddust eineggja þríburar á Siglufirði. Til að einfalda foreldrunum málið fengu þeir allir nafnið Jón. Þannig þurfti enginn að leggja á minnið hver var hver – þeir voru einfaldlega allir Jón. Einn þeirra tók sig til og byggði fyrstu mylluna á Siglufirði og gerðist bakari. Myll-Jón var mjög vinsæll maður og var talað um að brauðin hans væru alveg milljón. Annar þríburinn skellti sér á sjóinn og stundaði sjómennsku af kappi. Hann gerði út litla trillu og var það umtalað í bænum hversu mikil aflakló Trill-Jón væri. Þriðji þríburinn fæddis andvaka. Hann lést nýlega úr ofþreytu, en Skrill-Jón var mikill Skrillex aðdáandi.





Engar áhyggjur! Allar okkar vélar eru vel smurðar og í topp standi!



ÍSFÉLAG
VESTMANNAEYJA HF.

Litla Skvísubúðin
Kvenfatnaður, barnafatnaður, skírt og fylgihlutir

Skólavegi 6
S:692-4846

LITLAR VÍSUR
FYRIR SÆTAR SKVÍSUR



HUGINN



„Aðeins pláss fyrir einn Nýrna-Stein!“

- segir aldraður fýlupúki á Tálknafirði

Í litlu húsi við stuttan veg vestur á Tálknafirði býr maður að nafni Steinar Bogason. Steinar þessi er að flestu leiti bara venjulegur maður eins og ég og þú. Hann byrjar daginn á því að klæða sig í buxurnar, aðra skálmina í einu rétt eins og allir aðrir. En það er þó eitt sem skilur hann að frá okkur hinum, nokkuð sem aðgreinir hann með afgerandi hætti frá öðrum dauðlegum mönnum; hann er nefnilega með bestu nýrnastarfsemi í heimi. Hann er læknisfræðilegt undur, hefur farið í ótal rannsóknir víða um heim og rekið læknastrætta eins og hún leggur sig á gat – þeir hafa aldrei séð annað eins! Hann varði meðal annars bróðurparti áttunda áratugar síðstu aldar við háskólasjúkrahúsið í Los Angeles, þar sem ótal margar fræðigreinar voru skrifuð um þessi merkilegur nýru. Af þessum ástæðum hefur Steinar fengið viðurnefnið Nýrna-Steinar.

„Ég hef alltaf verið með afskaplega sterk og góð nýru. Blóðþrýstingurinn er alltaf slétt 120/80 og ef ég spenni magavöðvana þá sé ég meira að segja móta fyrir nýrunum. Þau eru risastór. Og ég hef aldrei píssað gulu, bar'ekki! Mitt piss er alltaf tært og hreint. Það segir allt sem segja þarf“ segir Nýrna-Steinar stoltur.

En Nýrna-Steinar situr ekki einn um þessa nafnbót. Það vill nefnilega svo furðulega til

að óvinur hans býr í næstu götu, í tveggja hæða, steinsteyptu húsi. Það er maður að nafni Steinn Jafet Steinsson, iðulega kallaður Nýrna-Steinn. Nýrna-Steinn er hann nefndur því það eina sem hann kann að elda, og þar af leiðandi það eina sem hann borðar, eru lambanýru. Nýrun sýður hann í þrjár klukkustundir og hefur með þeim kokteilsósu og ofnbakaðar franskar. Þetta borðar hann upp á hvern einasta dag, þrjár máltíðir á dag.



Óvinir til margra ára

„Hann faðir minn heitinn kenndi mér að sjóða nýru. Hann útbjó reyndar alltaf kartöflumús með þessu og sauð upp brúna sósu. En ég er hrifnari af frönskunum. Og kokteilsósan er síðan fjölskylduuppskrift, algjört leyndarmál. Pabbi var alltaf kallaður

Nýrna-Steinn og má segja að ég hafi erfitt það frá honum. Mér þykir vænt um þetta nafn og þess vegna sviður mig það sáran að þessi sjálfskipaði þvagfærasérfræðingur hérna í næstu götu við hliðina á mér skuli vera reyna stela þessari nafnbót af mér. Þetta nafn er arfleifð mín! Það er aðeins pláss fyrir einn Nýrna-Stein á Tálknafirði!“ segir Nýrna-Steinn og er greinilegt að þetta vegur þungt á honum.

Þeir Nýrna-Steinar og Nýrna-Steinn hafa eldað saman grátt silfur í marga áratugi, enda báðir komnir vel á eftirlaunaldurinn og hafa þeir alla tíð báðir búið á Tálknafirði. „Hvaða heilvita manni dettur það í hug að sjóða nýru í potti? Og hvað þá í þrjár heilar klukkustundir - þrisvar á dag?! Það er leitandi að annarri eins vitleysu!“ segir Nýrna-Steinar, sem hefur greinilega ekki hátt álit á nágranna sínum. „Þessi innmatslúser á eftir að drepa sig á þessum óþverra, kafnar á einu nýranu einn daginn og þá mun ég eiga þetta nafn einn og jálfur. Það verður góður dagur

og get ég þá sofnað svefninum langa sáttur við mitt. Ég á þetta nafn, ekki hann – höfum það alveg á hreinu!“

Það verður spennandi að sjá hvor lifir lengur og fær að njóta nafnsins í friði frá hinum, Nýrna-Steinar eða Nýrna-Steinn. Aðeins tíminn mun segja til um það.



Nýtt á matseðli

LEÐURBAKAN

Beint frá Wuhan

Pítsugerðin



Vantar þig legur?

Við eigum allar helstu legurnar fyrir þig!


Gaza-legur eru úrvals legur framleiddar í Palestínu og henta vel við íslenskar aðstæður.



Erum einnig með **Skemmti-legur**, **Svaka-legur** og **Ofsa-legur**. Fáum **Leiðin-legur** aftur eftir áramót.

Bíla- og vélaverkstæði
HARÐAR OG MATTA





BEKKJABÍLA RÚNTURINN

Byrjaðu hjá Herjólfu. Þú kastar tengingi þangað til þú færð rautt eða grænt ljós.

- **Grænt ljós** og þú ferð áfram
- **Rautt ljós** og þú ferð á Lundann í eina umferð og tekur út refsingu. Farðu síðan aftur á sama stað og þú varst fyrir Lundann.
- Ef þú færð sömu töluna 3 sinnum í röð ferð þú í Steininn og sætir refsingu

Lundinn

- ... í fyrsta sinn - Drekktu einn sopa
- ... í annað sinn - Taktu staup
- ... í þriðja sinn - Kláraðu drykkinn þinn
- ... í fjórða sinn - Kláraðu drykkinn sem er mest í við borðið

Steinninn

- Kláraðu alla drykki þátttakenda

Vitinn

- Veldu tölu og kastaðu teningnum. Ef hún kemur upp hefurðu borið sigur úr þítum! Farðu annars í kollhnís og reyndu aftur í næstu umferð.





neðan verður stiklað á stóru á atriðum sem skila flestum stigum í keppnninn um Eyjamann númer eitt.

- Vinsælt er að vera búinn að spranga minnst 100 sinnum á árinu og alltaf er farið upp í Gras, því að það eru engir sannir Eyjamenn sem spranga úr Almennungi.

- Ofboðslegt atriði er að segjast vera búinn að vera mikið út í Eyju og helst að hafa búið þar nánast allt sumarið.

- Að fara upp á Heimaklett eða „Klettinn“ er lyklatríði í keppninni og vera að lágmarki búinn að taka 7 tinda gönguna þrisvar sinnum um sumarið. Og svo er það auka bónusstig að hafa farið í Góunni, þá er kalt og algjör eyjamennska að klára það.

- Að eiga marga gamla ÍBV-búninga er rosalega sterkt og sérstaklega að segja að einhver sem hefur bara spilað einn leik hafi átt hann.

- Reyna að segjast hafa verið á öllum vöktum hjá Ísfélaginu og Vinnslustöðinni. Hafa líka tekið mörgum sinnum tvær samfelldar vaktir í röð af því að það var bara svo mikið að gera og manni datt ekki til hugar að fara heim.

- „Þú ert nú meiri villingurinn“ er frasi sem skilar mörgum stigum í keppnina.

- Fara og baka rúgbrauð inn í Eldfelli. Annarsljúga því að hafa gert það og koma með rúgbrauð keypt í búð og hafa það í gamalli Mackintosh Quality Street dós.


- Reyna að setja ættartréð þannig upp að það séu bara sjómenn í fjölskyldunni og fullt af trillukörlum. Nota líka orðið trillukarl mikið.

- Vera búinn að veiða svo mikinn lunda og bjargað svo mörgum lundapysjum að það sé í raun og veru þér að þakka að stofninn sé ekki útdauður.

- Þú ert frændi allra sem hafa náð áran-gri í íþróttum frá Vestmannaeyjum og þekkir þá alla ógeðslega vel og hefur passað börnin þeirra. Vinsælir Eyjamenn sem gott er að geta sagst þekkja ógeðslega vel eru t.d Ásgeir Sigurvinns, Hemmi Hreiðars og Heimir Hallgríms.

- Þú kannt Sæsavalsinn utan bókar og öll lög eftir Oddgeir og Ása í Bæ.

- Segjast hafa farið á sjó og þótt þú verðir ógeðslega sjóveikur að þá viðurkennir þú það aldrei.



21. mars 2021

Er búin að vera ógeðslega spennt síðan eftir jól og er núna gjörsamlega að kafna úr spenningi. Veit ekki hvort ég nái að klæða mig í sokkana í dag þar sem að hendurnar á mér bara skjálfa. Orkumótið í ár verður nefnilega algjörlega klikkað! Ég hlakka svo mikið til að fara á fellihýsinu til Eyja og við mömmustelpurnar ætlum sko að mála bæinn rauðan hahahaha.

Aldís og Jóhanna báðu mig um að vera yfirskipuleggjandi á foreldravöktunum og ég táraðist ég var svo stolt. Það verður sko enginn drengur svangur á þessu móti, enginn! Ég ætla að senda gróft plan á allar hinar mömmustelpurnar hvernig ég sé að sjá dagana fyrir mér, ég sendi ekki á þessa kalla eða pabba því að þeir eru aldrei tilbúnir í neina alvöru dramatík og nenna ekkert að búa til alvöru tilgangslaust vesen. Þannig að þeir eru ekki með, eða lítið.

Föstudagur á Orkumótinu í Vestmannaeyjum. Jei ☺

5:00 Þykjast vera búin að vera andvaka alla nóttina og vekja nokkra drengi til að segjast vera búin að reyna að hugga þá í svefn í alla nótt. Spyrja þá samt í leiðinni hvort þeir séu svangir.

5:45 Vera búin að mála sig áður en drengirnir vakna. Muna að kíkja á veðurspána á vedur.is upp á að sjá hvort þið þurfið vatnsheldann maskara.

6:30 Vera tilbúin með sögu fyrir daginn til að baktala einhvern hluta foreldranna og upphæfja sig á þeirra kostnað. Muna að persónur og leikendur verða að vera í rétttri timaröð til að sagan lifi allavegna út mótið.

7:00 Vekja alla drengina með látum og skapa mikla ringulreið og óöryggi á svæðinu. Nota frasana „Ertu með allt?“, „Eru allir með legghlífarnar sínar?“ Einnig að skapa ótta og hræðslu með því að taka dreng á eintal og fylla hann efasemdum með spurningum eins og „Ertu pottþétt viss að þú sért með allt? Þegar við erum farinn út, þá getum við ekki náð í neitt eftir

það“. Spyrja hvort þeir séu samt svangir. 7:30 Morgunmatur, muna að spyrja drengina hvort þeir séu svangir allan tímann og líka þótt þeir séu að borða. Það er mín reynsla að þeir vita ekki innst inni að þeir eru í rauninni svangir.

8:00-11:45 Hérna eru leikirnir byrjaðir og mikilvægt að allir séu í upphitunar- og keppnisgallanum. Alltaf að vera að biðja þá um að athuga hvort að þeir séu ekki pottþétt í keppnisbúningnum innanundir ferðapeysunni, til þess að skapa vafa og hræðslu hjá þeim að þeir séu að gleyma honum og gætu misst af leiknum.

Athuga hvort þeir séu svangir. Muna! Þeir vita ekki alltaf að þeir séu svangir!



Reglur í að hvetja drengina inni á vellinum:

- Segja þeim að vera duglegir að hlaupa og hlaupa og svo hlaupa og hlaupa. Mikilvægast af öllu er að þeir séu að hlaupa því að þannig gengur þeim best.

- Segja þeim að „hreinsa“. Veit ekki af hverju en það er mjög oft notað og sagt á þessum mótum sem ég hef verið á.

- Mikilvægt að tuða allan tímann yfir því hvað dómaramirnir eru ungir.

- Reyna að ná til þjálfarans á meðan leikstendur og biðja hann um að spyrja drengina hvort þeir séu svangir.

- Telja upphátt og láta drengina alltaf vita hvað staðan er og reyna að búa til dálítið

mikið stress og pínu hnút í magann.

- MUNA – VIÐ ÆTLUM AÐ FOKKING VINNA!

12:00 Hádegismatur. Muna enn og aftur að þeir gera sér enga grein fyrir því að þeir séu sársvangir. Allt að því þvinga matinn ofan í þá og láta ALLA fá sér ábót.

Ef að einhver er ókurteis við starfsfólkið í okkar viðurvist, þá skiptir það engu máli því við getum ekkert verið að síða önnur börn til. Og svo er mér líka bara alveg drullu sama. Muna bara líka að við komum frá Garðabæ og erum betri en annað fólk. Ef þeir gleyma að þakka fyrir sig, þá skiptir það ekki neinu máli. Þeir eru bara svo þreyttir og svangir, nota það svolítið mikið.



13:00-17:00 Sama og í leikja-fyrirkomulaginu fyrir hádegi nema reyna að auka á stressið, vinna í baktali á aðra foreldra og tala illa um móts-haldara, það er mjög sigilt. Passa líka að þeir séu ekki svangir.

Ef að farið er í sund milli leikja þá sjá bara sundlaugaverðir um drengina og við látum engan segja okkur annað en að þeir séu að haga sér vel, því við erum best.

18:00 Kvöldmatur. Enn og aftur lyklatríði að þvinga ofan í þá matinn og passa að þeir séu ekki svangir eftir matinn.

Vaktaskipti! Þó að allt hafi gengið eins og í sögu, þá er algjört lyklatríði að láta eins og allt sé búið að vera í hundakúk og ógeðslega erfitt. Reyna að skreyta sig eins mikið með stolnum fjöðrum og kostur er.

20:00 Þá er komin ró og gott að ala á erfiðleikum og vera með læti við alla. Öskra mikið og tala lítið. Öskra helst allt. Þegar allir eru sofnaðir, þá laumum við okkur út og byrjum svo að sippa í okkur ☺ Við lifum bara einu sinni og erum búin að vera ógeðslega dugleg. Þössum bara að það sé alltaf einn sem sé í ágætis standi ef eitt-hvað kemur upp á, annars mega allir verða hauslausir.





Ertu í vandræðum með netið á heimilinu?



Prófaðu nýja nethamarinn!



INNBRÓTSMAÐUR // ÚTBROTSMAÐUR

Þessi frásögn af eineggja tvíburunum Helga og Halla er í senn harmsaga og sorgarsaga tveggja einstaklinga sem dæmdir voru af dómstóli götunnar eftir kjaftasögur mannanna. Frá því að Helgi og Halli voru litlir þjáðust þeir af húðsjúkdómum sem höfðu gert líf þeirra hræðilegt. Og eins og það hafi verið ekki nóg að glíma alla ævina við alvarleg húðvandamál þá voru þeir að auki kallaðir glæpamenn ofan á það.

og veikbyggðari, sá ekki fram á neitt annað en að taka þetta á sig fór því í sturtu tvisvar á dag.



Tvíburnarnir Helgi & Halli

Eins og gerist mjög oft úti á landi þá finnst fólki gaman að gaspra um næsta mann og oftar en ekki eru þessar sögur byggðar á misskilningi. Sögur berast frá einu manni til annars og þ.a.l. ruglast þær vel á leiðinni. Halli hafði frá unga aldri barist við innbrotssjúkdóm með tilheyrandi óþægindum en Helgi hafði barist við útbrot. Húðin á Helga var viðkvæm og þurfti því ekki mikið til að hann fengi útbrot. Vandamálið hafði í raun og veru byrjað á því að Halla fannst ekkert leiðinlegra en að sturta sig. Því hafði Halli, sem var frekari tvíburinn, hótad Helga að ef hann tæki það ekki á sig að baða sig fyrir þá báða, þá myndi hann gefa honum eina hnefasamlöku. Helgi, sem var minni


Móðir þeirra Helga og Halla var lögblind, hafði hræðilega sjón. Hún þekkti því tvíburana sína ekki alltaf nógu vel í sundur og var gjörn á að senda Helga í sturtu hvað eftir annað. Og við allan þennan þvott þvoði móðir þeirra húðfetu Helga bara alveg í burtu, með þeim afleiðingum að húðin hans varð mjög viðkvæm og kvaldist Helgi mikið fyrir vikið, sérstaklega þegar hann fór í lopapeysu. Þegar þú býrð við rætur Vatnajökuls er mikilvægt að vera klæddur í góð fót.

Halli, eins og áður sagði, þjáist af innbrotum sem lýsa sér í raun og veru eins og öfugt exem. Enn þann dag í dag er Halli eini Íslendingurinn með þennan húðsjúkdóm. Það sem gerir þetta mál enn verra er að þegar Helgi var unglingur lenti hann í því óhappi að detta inn um búðarglugga þegar hann var að skemmta sér. Var hann sakaður um innbrot þegar vegfarandi tók mynd af honum alblóðugum að koma sér aftur út. Þetta endaði sem forsíðufrétt á DV og hefur Helgi reynt að útskýra sitt mál en alls staðar komið að daufum eyrum. Helgi var nefnilega mikill djammari þegar hann var yngri og drakk sig oftar en ekki til dauða, enda fékk hann á sig viðurnefnið Helgi-eftir-helgi á háskólaárum sínum. Þetta hefur leitt til þess að tvíburnarnir fá hvergi vinnu. Annar vegar vegna viðurnefnisins en hinn vegna misskilnings í æsifrétta-mennsku DV. Ef þú lesandi góður átt fyrirtæki og vantar starfsmann eða starfsmenn í vinnu, þá er pósthafið þeirra beggja helgi&halli@samhúð.is.

Förum varlega í að gefa fólki viðurnefni, þau geta alltaf leitt til mikilla leiðinda og vandræða í framtíðinni. Góðar stundir.

Nýtt á Kletti!

Fengum 4 bretti



FRÆG POK LÖG

- Dust in the Wind
- Rock You Like a Hurricane
- 1.700 vindstíg
- Wind of Change
- Riders on the Storm
- Út í veður og vind
- Sandstorm
- Ballaðan um Óskar vitavörð
- Blowin' in the Wind
- The Wind Cries Mary
- Couldn't Stand the Weather
- Wind Beneath My Wings
- Candle in the Wind
- Ride the Wind


FRÆGAR POK HIJÓMSVEITIP

- Earth, Wind & Fire
- The Weather Girls
- Ingó & Védurguðirnir
- Sverrir Stormsker



SKIPALÝFTAN HF
VESTMANNAEYJUM
Flügger







Í ljósi undangengina atburða þykir ljóst að ekki sé samfélagslega samþykkt að syngja Þjóðhátíðarlagið 2020 í þeirri mynd sem það var gefið út. Því hefur ritnefnd Þroskaheftis endurgert textann svo hægt sé að flytja lagið í gítarpartýjum helgarinnar. Munið svo að drekka alltaf eitt vatnasglas eftir hvern áfengan drykk.

Capo á 3ja bandi

Em C G D

Em C G D

Em C

Ég sé flösku,

kerlingar og vindla

og ég gleymi að ég er að sleikja hval.

Þar sem tjörnin og brúin,

gefa mér sjúkdóm

og ég vona að þeir séu með sjúkratjald.

Því ef að þetta er mitt síðasta djamm,

vil ég reykja saur með þér.

Bannað að deyja, vatn fyrir mig.

Bannað að deyja, ekki dauðagám fyrir mig.

Þar sem við tjöldum,

verður það bannað

og ég veit að við ælum á hvort annað.

Rækjusamloka, hér kem ég.

Þvílík sjálfa sem við tókum, af dauðum lundum.

Bannað að deyja, vatn fyrir mig

Bannað að deyja, sláðu mig í andlitið.

Bannað að deyja, vatn fyrir mig

Bannað að segja, þarna er svertingi.

Þar sem kynsjúkdómar gjósa

Mun PC liðið öskra á mig.

Þar sem rangt er að segja

Komdu í sleiiiik skvís

Þar sem loksins ég fann þig

Og allt er svo bólgið ég er orðinn steik

Hver er trans, hver er gay

Bannað að deyja, vatn fyrir mig.

Bannað að segja, þarnér asískur gaur

Bannað að deyja, vatn fyrir mig

Bannað að leigja, lítinn dverg fyrir þig

Bannað að deyja, vatn fyrir mig

Bannað að spreya, sig svartan í bíl

Bannað að deyja, vatn fyrir mig

Bannað að þegja þegar migið er á mig

Bannað að deyja, vatn fyrir mig

Bannað að hneigja, sig fyrir hrossafiðrildi.

Vatn fyrir mig.





Bestu pizzur sem ég hef séð!

900 GRILLHÚS
Vestmannabraut 23 | s. 482 1000



Heddpakkningin var svo bara í skápnum vinstra megin!

Hahaha! Þú ert svo góður að gera við bíla!

Þú ert nú meiri grallarinn Adolf!

Djöfull vildi ég að ég væri jafn flinkur og Adolf

BÍLAVERKSTÆÐI SIGURJÓNS



RIBSAFARI
Sími 661-1810

Nýir og **endurbættir** bátar

Aldrei **endurtekið** efni - Hver ferð er einstök!

TÝPURNAR Á SAMFÉLAGMIÐLUNUM



Besta vinkonan

Bestasta er fertug! Jei! Ég veit ekki hvar ég á að byrja. Við höfum bara alltaf þekkt og alltaf búnað að vera þakkarast öll þessi ár og meira að segja enn þann dag í dag erum við nú svolitlir þakkarar 😊 Man ógeðslega vel eftir öllu sem við erum búin að gera saman og öll ferðalögin alveg geggjuð og þá sérstaklega þegar við fórum til Ísafjarðar eða Ísó hahahaha 2017. Það sem við vorum flottar tíhíhí. En eins og mantran okkar segir „lífið er núna“ (við föttuðum sko upp á þessari línu). Hlakka ógeðslega mikið til að knúsa þig í döðlur á eftir og bið alla sem hitta þig í dag að gefa þér stórt stubbaknúsi ❤️ Sí jú skvíz og enn og aftur til hamingju með daginn!

RAUNVERULEIKINN

Þetta er ein af 5 vinkonum sem eru í keppni um hver á falletustu kveðjuna og hver þekkir afmælisbarnið best og er lang besta vinkonan. Þetta er sorgleg og sjúk keppni sem mun aldrei hætta og það besta er að það er enginn sigurvegari nema yfirborðskenndin ein.



Ferðafjölskyldan

Myndir úr fríinu – Við fjölskyldan búin að vera eins og farfuglar um allt Norðurlandið og vát! Hvað við eigum fallett land! Krakkarnir eru búnir að vera eins og hugur manns og eru ótrúlega áhugasöm um söguna á svæðinu. Kallinn minn er líka svo einstakur og ef ég vissi ekki betur að þá myndi ég halda að við værum bara kærustupar 😊 tíhíhí mér finnst hann bara flottastur ❤️ Erum núna á leiðinni til Jaja Ding Dong hahahaha... ég meina Húsavíkur og við ætlum sko að fá okkur einn drykk á þessum sniðuga bar. Lifðu í lukku en ekki krukku — ókei bæææææ!

RAUNVERULEIKINN

Krakkarnir eru gjörðlega óþolandi og varla hægt að stíga upp í bíl án þess að byrja að stífa þeim í sundur. Kallinn ratar ekki rassgat og er búin að segjast ætla að hætta að keyra ef kellingin hættir ekki þessu endalauska tuði og viti alltaf um betri leið. Kallinn hefur heldur ekkert frumkvæði og er holdgervingur rolunnar og gæti ekki pantað sér ís með dýfu upp á eigin spýtur.



Gæinn í ræktinni

Nýtt PB! Er búin að vera taka mig hörku mikið á. Búinn að léttast lítið en byggja mikinn vöðvamassa og ÍAK einkabjálfa minn er ógeðslega ánægður með mig. Ég er ekkert að spá í vigtinni þar sem að ég er líka mjög stórbeinóttur af náttúrunnar hendi. Er að fara fulla ferð í rétta átt og allir velkomnir um borð í þessa hamingju lífsstílslest! 🍌 🍌 🍌 100

RAUNVERULEIKINN

Þetta er í 18. skiptið sem hann drullar sér í átak og lýgur því að hann sé að bæta á sig vöðvamassa út af því að hann nennir ekki að æfa.



Móðir í afneitun

Þá er hann elsku dúllurass minn orðin 8 ára og ég er heppnasta manneskja í heiminum. Það sem hann Villi minn getur verið ótrúlega mikill grallari, ákveðinn og svo líka stundum svolítið þakkarastrik eins og pabbi sinn... hahahahaha ef þið sjáið hann, endilega gefið honum hlýtt faðmlag! ❤️

RAUNVERULEIKINN

Krakkinn er ógeð og líkist helst peyjanum í Omen.



Hamingjusama parið

Vá! Hvert fór tíminn eiginlega?! Við sem erum ennþá bara unglingar hahahaha ég bilast! Takk ógeðslega mikið fyrir æðislegan tíma saman og get ekki beðið eftir að eyða næstu 15 árum með þér svo við getum haldið áfram að vera kjánaprík saman hahahahah kiss kiss og knús knús ❤️ 🍷 🍷

RAUNVERULEIKINN

Þau þola ekki hvort annað og hjónabandið hangir á bláþræði.



ÍSLENSKA Í ENSKU

Alkahól - Drunk man compliment
Andartak - Duck grip
Álit - On color
Barnabarnabarnabarn - Baby's baby's baby's baby
Bein samskipti - Bone communication
Beinskipting - Bone substitution
Bílstjóri - Car boss
Bólusetning - Pimple sentence
Brennukóngur - Burning king
Dauðafæri - Death move
Dýrafjarðargöng - Expensive fjord tunnel
Dýraríkið - The expensive liquor store
Endajaxl - Final hard man
Fimleikafélag - Limber act out a company
Fjörfiskur - Fun fish
Forvitinn - Pre lighthouse
Fréttamannafundur - News man meeting
Gómsætt - Gum sweet
Hljóðnemi - Sound student
Hlustandi - Listening ghost
Hlustendur - Listening ducks
Hundaæði - Dog fantastic
Hungursneið - Slice of hunger
Illt í maganum - Evil in the stomach
Kjúklingakraftur - Chicken power
Látin vera - Dead creature
Lengjudeildin - Long division
Leppalúði - Patch Nerd
Limlestun - Penis training
Lærifaðir - Thigh father / Learning father
Lærisveinar - Thigh boys
Mannakorn - Human Korn
Morgunsárið - Morning wound
Mótmælendur - Tournament measuring ducks

Reiðhjól - Angry wheels / Mad wheels / Fuck wheels
Ríkisendurskoðandi - Government duck inspector
Rúmenska - Bed English
Rútubílstjóri - Bus car boss
Snúður með súkkulaði - Manbun with chocolate
Sveppasýking - Musrroom disease
Ungverjaland - Young condom country
Útanborðsmótor - Outside table turbine
Útvegsspilið - Off-road game
Veðimannafélag - Hunting man company
Verkfæri - Pain range
Verkstjóri - Pain boss
Þokkabót - Charms patch
Ættarmót - Family competition / Family conjunction

ENSKA Í ÍSLENSKU

Beef stock - Nautabirgðir
Danger ahead - Hættulegt höfuð
Ground beef - Jarðnaut / Jarðkjöt
Listen closely - Hlustaðu nálægt
Manhood - Mannhetta
Microsoft PowerPoint - Örmjúkur KraftBendill



Tournament measuring ducks



LEIKUR AÐ NÖFNUM

Ármann rauði - Red River Man
Britney Spears - Bryndís Örvars
Elliði Viðarsson - Old Soldier son of Wood
Heimir Hallgríms - Homer Lean Mask
Justin Timberlake - Bara í spýtuvatni
Mason Greenwood - Viðar múrari
Pétur Ormslev - P Eats Worm Drool
Stebbi pappakassi - Paper box Steve
Stephen King - Skrefhænuakóngur
Sæbjörg Loga - Ocean Rescue Flames

FYRIR LENGRA KOMNA

Að gefa upp öndina - Give up the duck
Bænum þínum hefur verið svarað - Your town has been answered
Eldgos í beinni útsendingu - Fire soda in a direct out pass
Nú eru góð ráð dýr - Now good committees are animals
Skipting í vændum - Substitution in prostitution
Skjóta honum ref fyrir rass - Shoot him a fox for an ass
Tryggðu þér áskrift - Insure your subscription
Við getum ekki rassgat - We can't do asshole
Það er allt hægt - Everything is slow
Þetta er ekki hægt - This is not slow







Þórir í gallanum

Það er hreinlega ótrúlegt hvað við Eyjamenn getum verið miklir smáborgarar og hafa dæmin svo sannarlega sannað það. Eitt skemmtilegt dæmi um þetta er nokkuð sem hinn einstaklega leiðinlegi Þóri Ólafsson, þáverandi verkamaður í málningarvinnu, lenti í fyrir fáeinum árum. Þórir er einmitt þessa dagana að gera sig kláran undir að spila á besta sviði Dalsins, Litla pallinum. En nóg um það. Eitt sumarið var Þórir að vinna við að mála híbýli hins ósýnilega og umdeilda Guðs. Vinnan gekk vonum framar vel og var Þórir

farinn að sjá fram á að vera kominn þaðan burtu sem fyrst, enda Þórir einstaklega lítið trúður maður. Sumir hafa jafnvel gengið svo langt að kalla hann heiðinn. Þórir trúir á Stuðmenn, hljómborð og góðar tengingar við rafmagn.

En hvað um það!

Einn daginn þegar Þórir var að mála vatt sér upp að honum túristi frá Bandaríkjunum. Þegar Þórir og ferðamaðurinn höfðu spjallað í góðan tíma spyr tédur ferðamaður Þóri hve margir búi á þessari fallegu eyju. Þórir svarar um hæl að hér búi 4.200 manns. Það kemur fát á ferðamanninn og hann spyr þessarar stórkostlegu spurningar: „And do you have children together on this Island?“ Án þess að hugsa sig um svarar Þórir „Yews, of course we do!“ Þessi spurning svamlaði um í höfðinu á Þóri í þó nokkuð langan tíma og lengi var Þórir að spyrgja sig að því af hverju ferðamaðurinn hefði spurt sig að þessu.

Eins og kveikt hefði verið á ljósaperu áttar Þórir sig skyndilega á öllum fjölskyldutengingunum sem eru hér í Eyjum

og á Íslandi öllu. Hér eru nánast allir bræður, systur, frændur og frænkur. Hvergi annars staðar í heiminum þekkist orðið kviðmágur, eða eitthvað sem fangar sömu merkingu; ekki einu sinni í Færeyjum! Þannig að það er kannski ekkert skrítið að aðkomufólk skuli velta þessu fyrir sér, hvort við séum hreinlega ekki farin að verða úrkynja.

Það þykir hreinlega með ólíkindum að það skuli ekki vera til nokkur maður með þrjár hendur og labbi afturábak. Sá einstaklingur yrði örugglega besti handboltamaður heims, eða að minnsta kosti næstbesti málari í heimi. Þetta er líklega bara spurning um tíma, það mun fæðast einstaklingur með þrjú augu, þrjár hendur og fjögur eyru. Líklega munum við sjá einhverja stökkbreytingu ef við förum ekki að hafa mök við fólk frá öðrum löndum og víkkum aðeins genamengið. Það er ekki nokkur einasta spurning um að við eigum að taka fagnandi á móti fólki af erlendu bergi brotnu því fjölbreytileikinn mun hjálpa okkur í framtíðinni. Því er best að enda þetta á þessum orðum... fögnum fjölbreytileikanum!







HOTEL
VESTMANNAEYJAR

Vill einhver kaupa hótél? *



* Við tökum ekki ábyrgð á því ef einhverjir gestir verði seldir með hótélinu



Bólusettur til að þjónusta þig!



PÓR
VÉLAVERKSTÆÐI

Fyrirtæki
í fremstu röð
... í bólusetningum

Í dalnum fagra finnum við
Fólk eins og hann Binna
En starfsfólk hans af gömlum sið
Verður víst að vinna



Ohhh,
leyfðu mér að
nudda þig.

Vinnslustöðin
Vestmannaeyjum



PORTKASTIÐ

Nýtt hlaðvarp á portlegu nóttunum

Margt hefur gerst á vetvangi fjölmiðla undanfarin ár og miklar breytingar hafa átt sér stað. Nú er svo komið að hver sem er getur titlað sig fjölmiðlamann, en með tilkomu hinna svokölluðu podcasta hafa spottið upp eins og gorkúlur þættir á Spotify og er fjallað um allt og ekkert í þessum þáttum. Nýjasti þátturinn sem hefur litið dagsins ljós ber það áhugaverða nafn Portcastið, en þar er fjallað um ýmsa áhugaverða hluti, sem og óáhugaverða.

Í fyrsta þættinum er rætt við helstu portkonur Íslands og farið er yfir sögu portkvenna á Íslandi. Fyrsti viðmælandinn er Guðríður Hermóðsdóttir, en hún starfaði sem portkona um árabíl. „Þetta var svo sem ekkert eitthvað sem ég ætlaði að gera að lífibraudi, þetta bara gerðist. Maður lenti nú í ástandinu og þetta þótti víst eitthvað móðins í henni Ameríku; Kanarnir sögðu það allavega.“ Segir Guðríður á meðan hún tottar filterslausa Camel sígarettu. „Ég er nú að mestu hætt þessu, ég er komin á

aldur þú skilur. En ég á það nú til að heim-sækja vini á Grund, þeir eru nú alltaf glaðir að sjá mig.“



Carola Líf er hætt að stunda portið

Með aukinni tækni hefur portvinnan færst að miklu leiti inná internetið. Carola Líf Ekelsen, ung og efnileg portkona, segir að það sé mun öruggara að notast við síður eins og OnlyFans og PortHub. „Ég, sko, skiluru, vil ekki vera að hanga niðri bæ

í skítakulda til að vinna vinnuna mína. Skiluru? Mér finnst bara miklu þægilegara að gera þetta heima hjá mér. Þannig get ég stjórnað þessu miklu betur. Skiluru?“ segir Carola á meðan hún sýgur á þartilgerðri vape græju sem er í laginu eins og skaufi.

„Já, ég er portkarl. Og hvað með það?! Mér er bara alveg sama! Fokkið ykkur bara!“ segir Jens Halldór Magnússon, en hann er einn af fáum starfandi portkörlum á Íslandi. Aðspurður hvort það sé mikið að gera hjá honum svarar hann neitandi og rýkur út.

Fylgist með næsta þætti þar sem rætt verður við Einar Gústafsson, partýpinna sem mun fræða okkur um portvín, en hann fann einu sinni hálfa rauðvínsflösku og þrjá Viking lite bjóra í porti í Reykjavík. Einnig verður rætt við Juan Carlos Santo frá Portúgal og Friðrik Jónsson, sem flytur inn ferðaklósett, en port-a-potty eru orðin gífurlega vinsæl á Íslandi núorðið.






Vertu með í allt sumar!
Bylgja VE 75







Ég vil ekki vinna
ég vil bara drekka drykk
og slæða uppá frænku
og segja "Bitch viltu blikk?"



FIMMTUDAGUR

- **Vitavígsla** - Fallegasta mannvirkið í Herjólfssdal vígt með formlegri athöfn að lokinni andlausri ræðu Jóa Pé við rauðu klósettviðtönu.

FÖSTUDAGUR

- **Hátíðarræða** – Maggi Pele heldur orðinu á lofti og setur Þjóðhátíð formlega.
- Veltusundið rýmt þar sem hafist verður handa við byggingu Skuggahverfis.
- Lesið upp úr kommentakerfum „fréttamiðla“.
- Tryggvi Már les undirskriftarlistann viðfræga, eða í það minnsta tuttugu nöfn til að sannreyna hann.
- Olíver Daða setur út spaða. Addi í Klauf breytir í lauf. Viktor Hjartar. Kata Laufey vinnur með Tígul.
- **Allir hafa skoðun** – Orðið laust fyrir hvern þann sem vill tjá sig í stað þess að gera það í gegnum lykklaborð.
- **Internetið tekið úr sambandi** – Slökkt verður á internetinu við hátíðlega athöfn af því að við sem mannkyn höfum ekki náð þeim þroska sem þarf til að skilja hvað aðgangur að internetinu felur í sér.
- **Fórnarla-la-la-labamba** – Fórnarlömb meintrar óvæginna umræðu á samfélagsmiðlum koma saman til að láta allt gossa, hrista bossa og eflaust sjáum við tungukossa, en það vill enginn sjá.
- **Sorry með'mig** – Tímaskakkir miðaldra karlar sem halda að þeir séu sniðugir en ættu að grjóthalda kjafti biðjast fyrirfram afsökunar á þreyttu og visnuðu gríni.
- Þakkarafélagið kitlar kellingar alla helgina. Ekki varpa skugga á gleði annarra.

LAUGARDAGUR

- Kröfubréfagerðarnámskeið Villa.
- Óumbeðni ópurftar samfélagsrýnirinn Oddur Júll heldur bréfabrennu á kostnað allra annarra með hjálp Indian Desi Cuties. Ekki fyrir heilbrigða.
- Rétt hugsandi skoðanahópurinn Twitter Fam kynnir hugtök sem hægt er að nota til þess að ýta ábyrgð frá einstaklingnum og yfir á samfélagið. Ertu t.d. þunglyndur? Það er feðraveldinu að kenna. Ertu tilfinningalega brenglaður? Jebb, það er út af eittraðri karlmennsku. Kemstu ekki oftar en einu sinni á ári til útlanda og þarft hugsanlega að borga til baka þessi fjórtíu smálán sem þú tókst? Hentu því á frjáls-hyggjuna. Ekki halda að eitthvað sé þér að kenna. #Samfélaginu að kenna.
- Podcastþáttur í beinni úr brekkunni með Sölv... eða kannski ekki.
- Gunni Ella Pé og Gummi Þ. B. Ó stafrófa Bóa Pálma.
- „Er þér illt í hálsi?“ með Jóa í Laufási. Jóa fer yfir aðferðir til líkamsbeitingar þegar unnið er að bættu umhverfi.
- Litli pallurinn Auður.
- Undirskriftasöfnun fyrir Snapchat-perrann Hörð sem hlýtur að vera ættaður frá Eyjum.
- Rólegur órói róar órólega óráðsemi óreglumanna sem óar við óráðsú rólyndra ræðismanna.



Internetið verður tekið úr sambandi á föstudeginum

SUNNUDAGUR

- **Hvað er að frella Viðar Ella?** – Farið yfir það sem er efst á baugi með rannsóknarblaðamanninum skelegga sem hikar ekki við að taka á stóru málunum og stinga á kylum samfélagsins.
- Aukaspyrnukeppni í umsjón Gylf... naahh... sjáum til.
- **Karlar taka ábyrgð** – Kalli Haralds, Héðinn Karl og Kalli í Toppnum halda fyrirlestur um þann karllæga heim sem þeir búa í.
- Stúlnakór Öldutúnsskóla tryllir lýðinn á stóra pallinum. Atriði sem er gagnert fengið til að rífa upp kynjakvótann og heilla veðurguðina.
- **Hvar liggja mörkin?** – Þjóðfélagsrýnirinn rögsami útskýrir í eitt skipti fyrir öll hvað má og hvað ekki og loksins gefur hann upp hvar mörkin liggja. „Spoiler alert“, sagan segir að þau liggi uppi á Helgafellsvelli.
- **Á íslensku, takk!** – Dóra landkönnuður verður með tungumálakennslu í innflytjenda-tjaldinu við hliðina á veitingatjaldinu.
- Hæstaréttardómarar sjá um brekkusönginn í ár. Leikin verða lög af plötunni „Skilorðsbundinn dómur“. Slagarar eins og „Má ekkert lengur?“, „Pic or it didn't happen“, „Uns sekt er sönnuð“ og „Sorry! Þið getið ekki dómstólað á okkur“. Þeir munu svo ekki svara spurningunni „Til hvers eru lög og regla?“ Einn dómari skilar inn Cher ákvæði.
- Delta djamm og allt verður covitlaust.
- Þórólfur leikur sóttvarnarlög inn í nóttina og blæs af allt heila klabbið. Drullist heim og skammist ykkar!



NORDUR

Loksins Þjóðhátíð!
*Klæddu þig vel
fyrir dalinn!*

Verslun okkar á Miðstræti 14 (beint á
móti The Brothers Brewery) er opin
alla helgina frá **09:00 - 20:00**



**66°N bíllinn
verður á
svæðinu!**

66°Norður í Eyjum | Endursöluaðili | Miðstræti 14 | s: 481-1666